



Viðmið varðandi skráningu í dagbók á mentor.is

Þegar starfsfólk skráir í dagbók nemenda inni á vefsvæði Brekkuskóla á www.mentor.is skal hafa eftirfarandi í huga:

- ✓ Haka skal í dálkinn *Birta foreldrum* og merkja alltaf við "Allir" þegar velja á hverjir eiga að sjá upplýsingarnar
- ✓ Við forðumst að gildishlaða texta og spörum lýsingar- og atviksorð
- ✓ Við nefnum ekki þriðja aðila á nafn (segjum frekar t.d. bekkjarbróður eða skólasystur í stað nafna)
- ✓ Við lengjum ekki mál okkar að óþörfu
- ✓ Forðumst að skrifa í dagbók strax að loknum atburði ef við finnum að við erum ekki í fullkomnu jafnvægi
- ✓ Segjum aðeins frá atburði, ekki innihaldi atburðar eða samtölum nema efni þeirra skipti miklu máli til lengri tíma litið
- ✓ Sérgreinakennarar láta umsjónarkennara og/eða deildarstjóra vita af færslum sínum
- ✓ Við skráum í dagbók þegar hringt er heim eða önnur „óformleg“ samskipti eiga sér stað
- ✓ Jákvæðar færslur eru alltaf af hinu góða, sérstaklega þegar ekki hefur gengið nógu vel

Barnalög nr. 76/2003

52. gr. Réttur til upplýsinga um barn.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu upplýsingar um hagi þess, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá leikskólum, **skólum**, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjáforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingagjöf sé skaðleg fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjáforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 78. gr.

Stjórnendur